

Aðalfundur Félags austfirskra kvenna í Reykjavík fór fram í safnaðarsal Grensáskirkju 3. mars 2025 kl. 19:00.

52 konur mættu til fundar. Á fundinum var hattapema og mættu margar fundarkonur með höfuðföt af ýmsum toga, sem setti skemmtilegan brag á fundinn.

1. Fundarsetning

Oddný Vala Kjartansdóttir formaður félagsins setti aðalfundinn og bauð fundarkonur velkomnar.

Í upphafi fundar risu fundarkonur úr sætum og minntust félagskvenna sem létust á milli aðalfunda. Meðal þeirra sem létust var Sonja Berg sem var formaður félagsins á árunum 1998 – 2002.

Formaður fór yfir fyrirkomulag fundarins og tímaáætlun og síðan var gengið til hefðbundinnar dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritar

Formaður stakk upp á Höllu Kjartansdóttur ritara stjórnar, bæði sem fundarstjóra og fundarritara og var það samþykkt með lófataki. Bauð formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri minnti á að fundargerðir frá kaffifundum og aðalfundum félagsins væru birtar á heimasíðu félagsins, www.austfirskar.is þar sem félagskonur geta lesið þær yfir og í kjölfarið sent stjórn athugasemdir ef þurfa þykir. Einnig væri þar að finna myndasíðu félagsins þar sem m.a. væri að finna myndir frá fyrri tíð sem búið er að skanna inn.

3. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á milli aðalfunda.

Haldnir voru sex félagsfundir, það er fyrsta mánudag í apríl, september, október, nóvember og desember árið 2024 og svo í febrúar 2025. Ekki var haldinn fundur í maí 2024 þar sem farin var vorferð í þeim mánuði. Eins og venjulega var fundarhlé í janúar, júní, júlí og ágúst. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins á starfsárinu, á bilinu 40 – 60 konur á hverjum fundi. Allir flytjendur tónlistar, söngs og fræðslu gáfu vinnu sína og sýndu félaginu mikinn velvilja og stuðning.

Sem fyrr gáfu félagskonur veitingar á kaffihlaðborð félagsfundanna og síðastliðna fundi hefur gengið mjög vel að manna kaffinefndina.

Félagar í félaginu teljast þeir sem greiða árgjald til félagsins ásamt þeim félagskonum sem hafa náð 90 ára aldri og eru því undanþegnar árgjaldi.

Nú eru 80 félagskonur skráðar í félagið, 67 greiðandi og 13 gjaldfrjálsar.

Fjölmarginir konur hafa einnig mætt til einstakra funda sem gestir, án þess að ganga í félagið og eru þær velkomnar enda fylgja þeim auknar tekjur til félagsins.

Sem fyrr eru aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó aðal tekjulindir félagsins. Allar tekjur félagsins renna til góðgerðamála að frádregnum föstum kostnaði félagsins, svo sem salarleigu og kaffikostnaði.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að styrkja Kraft, stuðningsfélag um 300 þúsund krónur. Styrkurinn var formlega afhentur Krafti 5. apríl 2024 og var félagið mjög þakklátt fyrir stuðninginn.

Einnig var samþykkt að kaupa blóðþrýstingsmæla og mancettur fyrir heimahjúkrun á nokkrum fjörðunum fyrir austan, fyrir um það bil 200 þúsund krónur. Nokkur bið var eftir mælunum þar sem þeir voru ekki til á lager heildsölunnar en allt hafðist þetta þó. Mikil ánægja var með þessa gjöf og fékk félagið góðar kveðjur og þakkir fyrir.

Á septemberfundi félagsins lagði stjórn fram tillögu um að styrkja Jónínu Hörpu Njálsdóttur og fjölskyldu í Neskaupstað með innkomu fundarins, í kjölfar þess að hún missti bæði ungan son og eiginmann með stuttu millibili. Fjölskyldan á rætur og tengsl víða um Austurland og þessir sorglegu atburðir snertu marga. Var tillagan samþykkt og söfnuðust 122.500 krónur á fundinum sem greitt var inn á söfnunarreikning fjölskyldunnar.

Félagið stóð fyrir vorferð í Borgarfjörðinn í lok maí. Í ferðina fóru 35 konur og var góð stemming í hópnum og mikið sungið og spjallað. Farið var að Hraunfossu, í Húsafell og Reykholt í ferðinni.

Margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í spilabingó og jólahappdrætti félagsins. Það er félaginu afskaplega dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.

Stjórnin hélt þeim sið að gleðja allar félagskonur, 60 ára og eldri, sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi. Í þeim tilfellum sem

viðkomandi komst ekki til fundar þá hefur formaður farið með glaðninginn heim til viðkomandi.

Stjórnin hefur haldið áfram að vinna að þeim markmiðum sem hún setti sér í byrjun og hefur orðið ágætlega ágengt. Meðal annars er búið að skanna og setja inn á heimasíðu félagsins myndir frá fyrri árum, bæði frá fundum og eins frá ferðalögum um allt land. Voru fundarkonur hvattar til að skoða myndirnar. Stjórnin er smám saman að vinna upp eldri heimildir og gögn svo að heimasíða félagsins verði góður vettvangur heimilda um starfsemina og eins til að hægt verði að skila inn upprunalegum gögnum félagsins til þjóðskjalasafns til varðveislu og tryggja þannig varðveislu gagna.

Þegar hér var komið við sögu var gert matarhlé og var gengið til grillhlaðborðs að hætti Grillvagnsins.

Í matarhléi skemmtu systurnar Sara Lovísa og Silja Katrín Gunnarsdætur ásamt Hrafnhildi vinkonu þeirra, undir stjórn Jónu Svandísar Þorvaldsdóttur móður Söru og Silju. Þær fluttu skemmtileg tónlistaratriði við góðar undirtektir enda boðskapurinn ekki af verri endanum, heimsfriður og ást.

Var þeim þakkað með þétu lófataki.

Að matnum loknum voru matgæðingarnir hjá Grillvagninum hyltir með lófataki enda brást þeim ekki bogalistin frekar en áður í matseld og þjónustu.

Fundarstjóri dró upp brandaraspilin góðu sem áður hafa verið í umferð á fundum og lét nokkrar fundarkonur draga spil sem lesin voru upp við góðar undirtektir.

4. Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar

Sigurbjörg Bjarnadóttir kom í pontu og gerði grein fyrir rekstri minningarsjóðs félagsins sem fær tekjur af sölu minningarkorta. Mikill samdráttur er á sölu minningarkortanna og virðist sem sú hefð að senda minningarkort sé á miklu undanhaldi í samfélaginu. Sigurbjörg, sem hefur annast sölu minningarkortanna í fjölda ára, skilaði af sér verkefninu til stjórnar félagsins, sem mun gera tilraun til að vekja betur athygli á kortasölunni og annast sölu þeirra og umsýslu.

Sigurbjörgu var þakkað kærlega fyrir upplýsingagjöfina og hennar góðu umsjón með málefnum í gegnum árin.

Kristín Ásbjarnardóttir, gjaldkeri stjórnar, fór yfir ársreikning félagsins. Reikningarnir voru skoðaðir af þeim Ásgerði Ásgeirsdóttur og Halldóru Karlsdóttur skoðunarkonum félagsins.

Rekstur félagsins gekk vel árið 2024. Tekjurnar voru 1.316.000,- og gjöldin 1.272.615,- krónur, þar af styrkveitingar að upphæð kr. 636.324,-. Félagið á ágætan varasjóð sem ekki er hreyfður á milli ára heldur eru árlegar tekjur nýttar í styrkveitingar og rekstur félagsins. Hagnaður félagsins var kr. 163.905,- og efnahagsreikningurinn hljóðar upp á 2.060.818,- krónur.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og atkvæðagreiðsla um reikninga félagsins.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins. Var ársreikningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði skoðunarkonum félagsins, þeim Ásgerði og Halldóru, kærlega fyrir þeirra framlag við skoðun reikninga og minnti á að skýrslu stjórnar og ársreikning væri að finna á heimasíðu félagsins.

6. Árgjald fyrir 2025

Lögð fram tillaga stjórnar um 1.000 króna hækkun á árgjaldi til félagsins eða í kr. 4.000,- fyrir árið 2025.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri hvatti félagskonur til að gera upp árgjaldið fyrir 1. maí nk.

Eins var samþykkt samhljóða að hækka kaffifundagjaldið um 500 krónur eða í 2.500,- krónur.

7. Styrkúthlutanir

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar að tveimur styrkveitingum.

Stjórnin lagði til að hafa styrkúthlutun tvískipta og leggja að þessu sinni áherslu á félög sem veita stuðning til þeirra sem glíma við andleg veikindi.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu undanfarið um andlega heilsu þjóðarinnar og þá ekki síst ungmennanna okkar. Nýlega bárust svo þau ánægjulegu tíðindi að Píeta samtökin hafa nú opnað starfsstöð á Reyðarfirði sem þjónustar allt Austurland. Tillögur stjórnar voru eftirfarandi:

- Lagt til að veita **250 þúsund krónur** til Bergsins stuðnings- og ráðgjafaseturs fyrir ungt fólk 12-25 ára aldri. Markmið Bergsins er að bjóða upp á

lágþröskuldabjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks og notenda með fjölbreytta reynslu.

- Lagt til að veita **250 þúsund krónur** til til Píeta samtakanna. Samtökin reka hjálparsíma allan sólarhringinn, alla daga ársins. Ráðgjafar veita öllum þeim sem hringja ráðgjöf, bóka í viðtal eða vísa í önnur úrræði, sé þess þörf. Píeta veitir meðferð fyrir þá sem eru í sjálfsvígshættu eða sjálfsskaða og stuðning við aðstandendur þeirra og aðstandendur sem hafa misst. Þjónustan er fyrir 18 ára og eldri og er gjaldfrjál.

Opnað var fyrir umræður um tillögur stjórnar.

Björg Blöndal kvað sér hljóðs og lagði til að félagið styrkti málstað, félög eða málefni fyrir austan a.m.k. annað hvert ár, með hliðsjón af tengingu félagsins austur á land. Í kjölfarið kom fram tillaga úr sal um að styrkveiting til Píeta samtakanna yrði eyrnamerkt nýju starfsstöðinni á Reyðarfirði, sem félli þá einnig vel að tillögu Bjargar og var það samþykkt.

Tillögur stjórnar, með ofangreindri breytingu, voru samþykktar samhljóða.

Stjórninni var falið að hafa samband við Píeta samtökin og athuga hvort að ekki væri hægt að tryggja að styrktarféð rynni til starfsstöðvarinnar á Reyðarfirði. Stjórnin mun einnig kanna hvort að viðkomandi samtök geti mætt til aprílfundar félagsins og veitt styrkjunum viðtöku.

8. Kosning stjórnar

Fundarstjóri vísaði til auglýsingar um aðalfundinn þar sem óskað var eftir framboðum til stjórnar félagsins. Kristín Hjartardóttir, gaf ekki kost á sér til endurkjörs en allar aðrar í stjórn buðu sig fram til endurkjörs. Eitt framboð til stjórnar barst, frá Jónínu Dagmar Ásgeirsdóttur félagskonu. Oddný Vala Kjartansdóttir gaf kost á sér til endurkjörs í formannsembættið.

Fundarstjóri bar undir fundinn skipan stjórnar með ofangreindri breytingu og var ný stjórn félagsins staðfest með lófataki.

Stjórn félagsins til næsta árs er því skipuð sem hér segir:

Oddný Vala Kjartansdóttir formaður og með henni meðstjórnendurnir Bjarney A. Pálsdóttir, Halla Kjartansdóttir, Herdís Pétursdóttir, Kristín Ásbjarnardóttir, Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir og Margrét F. Unnarsdóttir.
Stjórnin skiptir sjálf með sér embættum á fyrsta fundi stjórnar.

9. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga

Ásgerður Ásgeirsdóttir og Halldóra Karlsdóttir voru skoðunarkonur reikninga félagsins síðasta starfstímabil og voru þær endurkjörnar með lófataki.

10. Önnur mál

Fundarstjóri ræddi lög félagsins og vísaði til umræðu á síðasta aðalfundi. Vegna anna þá hefur ekki gefist tími til að endurskoða lögin og uppfæra þau til nútímans, eins og stefnt var að. Verkefnið bíður því nýrrar stjórnar á milli aðalfunda.

Ræddar voru tillögur að vorferð félagsins. Stjórn falið að setja saman skemmtilegan ferðapakka að dagsferð sem stefnt er að farin verði í lok aprílmánaðar og kynna á kaffifundi félagsins í aprílbyrjun.

Að þessu loknu var formlegri dagskrá lokið og var fundi slitið. Smalað var í myndatöku pr. fjörð, þ.e. tekin var hópmynd af fundarkonum frá hverjum firði fyrir sig, til gamans.

Halla Kjartansdóttir
fundarritari